

Fundargerð samráðsnefndar bæjarstarfsmannafélaga innan BSRB og Sambands íslenskra sveitarfélaga

Fundur samráðsnefndar bæjarstarfsmannafélaga innan BSRB og Sambands íslenskra sveitarfélaga var haldinn þann 10. apríl 2017. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 30 í Reykjavík og hófst kl. 9:30.

Fulltrúar BSRB á fundinum voru: Arna Jakobína Björnsdóttir, Guðbjörn Arngrímsson, Ásbjörn Sigurðsson, Karl Rúnar Þórsson og Garðar Hilmarsson.

Fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga á fundinum voru: Inga Rún Ólafsdóttir, Berglind Eva Ólafsdóttir, Benedikt Valsson og Ellisif Tinna Víðisdóttir sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Stofnun samráðsnefndar bæjarstarfsmannafélaga innan BSRB og Sambands íslenskra sveitarfélaga

Samráðsnefnd bæjarstarfsmannafélaga innan BSRB og Sambands íslenskra sveitarfélaga er sammála um að bæta ákvæði um nefndina við grein 11.2.1 í kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga og eftirtalinn bæjarstarfsmannafélaga sem nú eru:

- Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi
- FOSS stéttarfélag í almannáþjónustu
- Félag opinberra starfsmanna á Vestfjörðum
- KJÖLUR stéttarfélag starfsmanna í almannáþjónustu
- SFR stéttarfélag í almannáþjónustu
- Starfsmannafélag Dala- og Snæfellsnessýslu
- Starfsmannafélag Fjallabyggðar
- Starfsmannafélag Fjallabyggðar v. tónlistarkennara
- Starfsmannafélag Fjarðabyggðar
- Starfsmannafélag Garðabæjar
- Starfsmannafélag Hafnarfjarðar
- Starfsmannafélag Húsavíkur
- Starfsmannafélag Kópavogs
- Starfsmannafélag Mosfellsbæjar
- Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar v/ Akraness og Seltjarnarnes
- Starfsmannafélag Suðurnesja
- Starfsmannafélag Vestmannaeyja

Grein 11.2.1 hljóði svo:

11.2.1. Hlutverk samstarfsnefndar

Samstarfsnefnd er formlegur vettvangur samskipta samningsaðila á gildistíma kjarasamnings. Nefndin hefur það hlutverk að fjalla um framkvæmd og túlkun kjarasamnings, úrskurða í ágreiningsmálum og vinna úr bókunum með kjarasamningi milli kjaraviðræðna.

Starf samstarfsnefndar liggur að jafnaði niðri meðan kjaraviðræður standa yfir.

Aðildarfélögum BSRB er heimilt að fela einni samstarfsnefnd, svonefndri samráðsnefnd bæjarstarfsmannafélaga innan BSRB og Sambands íslenskra sveitarfélaga, að annast framkvæmd og túlkun kjarasamninga á grundvelli ákvæða þessarar greinar vegna fleiri en eins kjarasamnings.

2. Fundargerðir samráðsnefndar bæjarstarfsmannafélaga innan BSRB og Sambands íslenskra sveitarfélaga

Samráðsnefndin er sammála um að birta og dreifa fundargerðum nefndarinnar sem sama hætti og annarra samstarfsnefndaraðila.

3. Bókanir með kjarasamningum

a. Bókanir með kjarasamningum 2015

BÓKUN 1 [2015]

Endurskoðun á vinnutímakafla kjarasamninga

Aðilar eru sammála um að taka þátt í samstarfi um grunnendurskoðun á 2. kafla kjarasamninga, um vinnutíma. Meginmarkmið breytinganna er að stuðla að bættu skipulagi vinnutíma og auka sveigjanleika sem þjóni bæði hagsmunum starfsmanna og vinnuveitenda.

Endurskoðun leiði ekki til kjararýrnunar að öðru jöfnu.

Pegar tillögur liggja fyrir verður tekin ákvörðun um hvort breytingar á kaflanum séu þess eðlis að greiða skuli atkvæði um þær.

Niðurstaða: Fulltrúar SNS munu kalla eftir upplýsingum frá ríkinu um stöðuna á þessari vinnu.

BÓKUN 2 [2015]

Endurskoðun á veikindakafla kjarasamninga

Aðilar eru sammála um að taka þátt í samstarfi þeirra aðila sem undirrituðu þann 24. október 2000, samkomulag um tiltekin réttindi starfsmanna, þar á meðal vegna veikinda og slysa. Tekið verði þátt í starfi nefndar sem falið verður að endurskoða í heild 12. kafla kjarasamninga aðila.

Niðurstaða: Fulltrúar SNS munu kalla eftir upplýsingum frá Ríkinu um stöðuna á þessari vinnu.

BÓKUN 3 [2015]

Um launaupplýsingar

Samningsaðilar eru sammála um að á gildistíma kjarasamnings verði samkomulag um skil á launaupplýsingum endurskoðað.

Niðurstaða: Almennar umræður.

BÓKUN 4 [2015]

Um starfsþróunarnefnd

Samningsaðilar eru sammála um að skipa sameiginlega starfsþróunarnefnd, sem starfar út samningstímabilið.

Nefndin skal skipuð þrem fulltrúum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, tveim fulltrúum frá BSRB og einum fulltrúa frá ASÍ. Varamenn eru skipaðir með sama hætti. Formaður nefndarinnar kemur frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og varaformaður úr hópi fulltrúa stéttarfélaga. Formaður og varaformaður hafa náði samstarf um fundaboðun, skipulag funda og verkefna. Hlutverk nefndarinnar er:

- Að vera sameignlegur vettvangur samningsaðila til eflingar tækifæra starfsmanna sveitarfélaga til framhaldsfræðslu.
- Að vinna að nánari útfærslu á 10. kafla kjarasamninga aðila þannig að hann taki til fjölbreytts skilgreinds starfstengds náms og námskeiða á vegum fræðsluaðila, sem hafa hlotið viðurkenningu samkvæmt lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 eða lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008.
- Að stuðla að þróun og framboði námsleiða sem sérsniðnar eru að þörfum sveitarfélaga
- Að fylgjast með þróun raunfærnimats.
- Að fylgjast með þróun vinnu við flokkun náms/starfa á hæfnisþrep samkvæmt námskrá á öllum skólastigum.

Nefndin skal skila áfangaskýrslu í ársbyrjun 2017 og lokaskýrslu við lok samningstíma.

Niðurstaða: Nefndin hefur tekið til starfa.

BÓKUN 5 [2015]

Trúnaðarmenn

Aðilar eru sammála um að kanna hvernig ákvæðum um rétt trúnaðarmanna til að sækja trúnaðarmannanámskeið án skerðingar á reglubundnum launum í allt að eina viku á ári er framkvæmd hjá þeim stofnunum ríkisins þar sem vaktavinna er ríkjandi vinnufyrirkomulag. Markmiðið er að auka samræmi við framkvæmd ákvæðisins milli ríkis og sveitarfélaga. Niðurstaða könnunarinnar skal liggja fyrir í lok febrúar 2016.

Niðurstaða: Aðilar skoða fyrirkomulag hjá ríkinu.

BÓKUN 6 [2015]

Vaktavinna

Aðilar eru sammála um að skipaður verði starfshópur sem kanni fyrirkomulag og framkvæmd á vaktavinnukafli kjarasamningi. Sérstaklega verði horft til framkvæmdar á styttri vöktum sem hafa þau áhrif að mætingar fólks til vinnu eru tíðari en starfshlutfall þeirra segir til um.

Jafnframt verði starfshópnum falið að skoða framkvæmd og uppsetningu á vakta- og vinnustundakerfum og komi sér saman um reglur um notkun á slíkum tölvukerfum. Starfshópurinn á að skila af sér eigi síðar en 1. maí 2016.

Niðurstaða: Á næstu vikum mun sambandið og sjúkraliðafélagið standa fyrir könnun um stubbavaktir.

BÓKUN 7 [2015]

Mötuneyti

Aðilar eru sammála um að fyrirkomulag mönnunar mötuneyta sé á ábyrgð rekstraraðila, en hvetja þá til að skipuleggja starfsemina í samræmi við aðstæður á hverjum stað og í góðri sátt við starfsmenn.

Niðurstaða: SNS sendir fyrirspurn til nágranalandanna um hvort til séu reglur um mönnun mötuneyta.

BÓKUN 8 [2015]

Um sérákvæði

Aðilar eru sammála um að sérákvæði einstakra stéttarféлага sem fylgdu fyrri kjarasamningi haldi áfram gildi sínu.

Niðurstaða: Afgreitt.

ELDRI BÓKANIR

BÓKUN 3 [2014]

Um jafnræði í launum óháð stéttarfélagsaðild

Aðilar eru sammála um að beina þeim tilmælum til sveitarfélaga að jafnræðis verði gætt í launum þeirra starfsmanna sem vinna sömu og/eða sambærileg störf innan sveitarfélags, óháð stéttarfélagsaðild.

Niðurstaða: Afgreitt.

BÓKUN 5 [2011]

Samband íslenskra sveitarfélaga lýsir sig reiðubúið til að taka þátt í samstarfi aðila á vinnumarkaði um heildarúttekt á góðum starfsháttum vinnustaða með vakta-fyrirkomulag.

Niðurstaða: Sjá bókun 6 frá 2015.

BÓKUN 7 [2011]

Aðilar eru sammála um að vinna sameiginlega að útfærslu á launadreifingu vegna starfsmanna þar sem starfsemi er takmörkuð hluta úr ári. Samningsaðilar setja niður leiðbeinandi viðmiðunarreglur.

Niðurstaða: Jakobína sendir gamlar viðmiðunarreglur á nefndarmenn.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.